

Öreigaávarpið

Ída Margrete Meier Auken (f. 1978) er danskur ungrati og þingmaður, sem sé ungur alheimsleiðtogi og félagi í framtíðarráði Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum), þeirri deild, sem að viðfangsefni hefur þéttbýlismyndun og borgir. Henni hefur verið treyst af keisara Klaus Schwab til að kynna framtíðarsýn Alheimsefnahagsráðsins.

Það gerir hún í grein, sem heitir: „Velkomin á vit 2030: Ég er öreigi, ég á ekkert einkalíf og mér hefur aldrei liðið jafnvel.“ Greinin er skrifuð fyrir sex árum síðan. Hér má lesa úrdrátt, stiklað á stóru:

Ída er bókstaflega öreigi. Hún á ekki húsnæði, klæði, áhöld eða bíl. Enda engin þörf á. Allt, sem áður var framleiðsla, er nú þjónusta. Það er aðgengi að samgöngum, húsaskjóli, fæðu, og öllu því, sem við þörfnumst hverdagslega. Smám saman hefur þetta allt orðið mér að kostnaðarlausu, segir Ída. Því er það út í hött að eiga.

Fyrst urðu boðskipti stafræn og endurgjaldslaus. Síðar, þegar orkan varð ókeypis, varð handgangur í öskjunni. Verð á samgöngum hríðféll. Þar með var glórulaust að eiga vélknúin farartæki, panta mátti fjarstýrðan bíl eða jafnvel flugbíl.

Ég skrepp nú reyndar í hjóltúr stundum, þegar ég sæki vini mína heim, heldur Ída áfram. Það er skondið, að áhugamálin skuli loða við mig eins og gönguferðir, hjólreiðar, teikning og plönturækt.

Í borginni okkar þarf enginn að greiða leigu, því híbýlin nýtast, þegar við notum þau ekki. Stofan mín verður að fundarsali, þegar ég er ekki heima. Stundum dettur mér í hug að elda heimavið. Það er lítið mál, því áhöld og tæki eru afhent á svipstundu.

Þetta fyrirkomulag er dæmigert fyrir hringrásarhagkerfið. Allt lýtur reglum hönnunar um endingu, viðhald og endurnotkun. Umhverfisvandinn er á bak og burt, þar eð við notum hreina orku og hreinlegar framleiðsluaðferðir. Loft og vatn er tandurhreint. Borgirnar eru iðjagrænar.

Okkur rekur varla minni til, hvað innkaup eru. [Hvað þá að sigrast á þeim eins og í Nettó.] Þau snúast um að velja það, sem við höfum not fyrir. Stundum þykir mér gaman að velja, en oftast læt ég tölvuforritið (algorithm) ráða mér heilt. Forritið veit nefnilega betur en ég, til hvað hugurinn þráir.

Eftir að gervigreind og vélmenni tóku við lunganum úr vinnu okkar, gafst okkur allt í einu tími til að eta vel, sofa vært og blanda geði við aðra.

Á tímabili var allt í lukkunnar velstandi, gáski, grín, gaman og glatt á hjalla. Fólk forðaðist að horfast í augu við erfiðleika. Það var bráðnýlega, að við komust að því, hvernig mætti beita nýrri tækni til annars en að stytta okkur stundir.

Mér liggja á hjarta örlög þeirra, sem ekki hafa hreiðrað um sig í borginni okkar. Það eru villuráfangi sauðir. T.d. þeir, sem forðuðust tæknina og gervigreindina eða þegar kastaðist í kekki milli þeirra og stjórnkerfisins.

Ég hef endrum og sinnum áhyggjur af einkahögum mínum, að geta hvergi látið skrá mig. En ég veit undir niðri, að einhvers staðar er allt sem ég geri, hugsa mér og mig dreymir, fært til bókar.

Þegar öllu er á botninn hvolft, er lífið gott. Miklu betra en áður var, þegar ljóst varð, að víð gætum ekki búið áfram við sams konar vöxt og þá tíðkaðist. Það riðu yfir okkur hörmungar á borð við lífsstílssjúkdóma, loftlagsbreytingar, flóttamannakreppur, hnignun umhverfis, mengun lofts og vatns, fólksmergð í borgum, uppþot og atvinnuleysi.

Íða lætur hjá líða að lýsa stjórnarháttum í hinu nýja draumaríki öreiganna. En þegar gluggað er í skrif Alheimsefnahagsráðsins, má ljóst vera, að úrval hinna góðu og gáfuðu (ÚGG) muni stjóra veröldinni í samráði við hugsunar- og hegðunareftirlitið (HHE), sem ákveður eins og góðir hegðunarfræðingar gera, hversu mörg hlýðnistig (social credit) þurfi til að öðlast leyfi til eins og annars, t.d. að elda sér skordýrabuff heima eða þá að grilla gervisteik frá Bólusetninga-Bill.

Íða vísar að gervigreind og vélmennum. Draumurinn er mannkyn, sem er tölvuuppfært, þ.e. miðtaugakerfi þess er forritað samkvæmt boðum frá ÚGG og stöðlum frá HHE. Nú standa yfir tilraunir með tæknina, t.d. að koma fyrir stjórnráðum (flögum – chips) í miðtaugakerfinu.

Nauðsynlegum boð- og stjórnbúnaði verðu trúlega komið fyrir í líkama fólks með bólusetningum. Nú þegar er sprautað tæplega tuttugu mismunandi bóluefnum í bandarísk börn. Bóluefni við covid-19 verður eitt þeirra. Í þvísa bóluefni kennir margra undarlegra „grasa,“ m.a. efna, sem notuð eru við miðtaugakerfismöndl. En fólk eins og Íða mun væntanlega bjóða fram báða upphandleggi í fögnuði.

En það þarf að fækka fólki. Það skaðar umhverfið. T.d. með því að anda frá sér koltvísýringi og leysa vind. Nú þegar búa lyfjafyrirtækin, eftir tilraunir í „þriðja heiminum,“ yfir bóluefnum, sem valda ófrjósemi, ónæmisskerðingu og dauða.

Bólusetningafrömuðurinn, Bill Gates, sagði m.a. árið 2011: „Í dag er íbúafjöldi jarðar 6.8 milljarðar og stefnir í níu milljarða. Að því tilskildu, að við stöndum okkur vel í bólusetningum með nýjum bóluefnum, heilbrigðisþjónustu [og] frjósemisáætlunum, ætti okkur að takast að fækka fólki um 10 til 15 af hundraði.“

Nú kynnu að vera runnir upp þeir tímar, sem kenningasmiðirnir, Karl Marx (1818-1883) og Friedrich Engels (1820-1895), sáu fyrir, dauðateygjur auðvaldsins á efsta (dómdags)stigi þess. Þeir boðuðu alræði öreiganna, þegar að því kæmi. Það átti náttúrulega ekki við í Sankti Pétursborg, þegar rússneski byltingarforinginn, Lenin (Vladimir Illyich Ulyanov) (1870-1924), steig frá borði á lestarstöðinni.

Liðsmenn Alheimsefnahagsráðsins eins og Ída og skólasystkini hennar frá Davon, þ.m.t. Katrín Jakobsdóttir, hrópa nú fornt vígorð aldinna, þýskra karla úr Kommúnistaávarpinu frá árinu 1848: „Öreigar allra landa sameinist.“

Það er sömu öfl, sem fjármagna nýja alheimsbyltingu öreiganna nú og sem fyrrum studdu byltingu Lenín. Potuforkólfarnir eru úlfar í sauðargæru, ríkustu menn veraldar, sem árlega hvoma í sig dádýrasteik í Davos.

ÚGG og HHE munu þó eiga tiltölulega sæla daga. Umstangið verður viðráðanlegt, því fólki skal fækkað verulega. Fyrrverandi njósnari hennar hátignar, John Coleman, staðhæfði árið 1993 í bók sinni: „Stigveldi samsærismannanna: Þrjú hundruð manna ráðinu“ (The Conspriators Hierarchy: The Committee Of 300):

“Eyða þarf að minnsta kosti 4 milljörðum ”ganglausra átvagla” fyrir árið 2050 með afmörkuðum stríðsrekstri, skipulögðum bráðdrepani sjúkdómum og hungri. Orku, fæðu og vatn skal miða við lágmarkspörf almúgans. Þetta skal í fyrstu ríða yfir Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku og síðan alla aðra kynþætti.

Íbúum Kanada, Vestur-Evrópu og Bandaríkja Norður-Ameríku, verður fækkað hraðar en í öðrum álfum, þar til fólksfjöldinn verður viðráðanlegur [eða] einn milljarður. Fimm hundruð milljónir verða af kínversku og japönsku bergi brotnar, valdar vegna þess, að þetta er fólk, sem hefur öldum saman verið agað til og vant því að hlýða yfirvaldi umyrðalaust.“

Það kynni þó að fara svo, að draumaland Ídu verði andvana fætt. Dómarar, alþýða manna og einstaka stjórnámálamenn, virðast vakna til vitundar um það, hvernig þeir hafa verið hafðir að ginningarfíflum. T.d. leggja Svíar nú niður umhverfisráðuneytið. Kvenfrelsunarráðuneytið mætti svei mér fara sömu leið.

<https://www.dn.se/sverige/inget-miljodepartement-i-regeringsforklaringen/>

<https://expose-news.com/2022/10/29/facebook-admits-your-gov-is-trying-to-depopulate-planet/>

https://steigan.no/2022/10/overdodeligheten-i-eu-inntil-16-over-normalen-verst-i-land-med-hoy-vaksinasjonsgrad/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://lovoghelse.no/2022/10/24/det-a-skape-illusjoner-og-triksing-med-tall/>

<https://www.weforum.org/press/2019/06/world-economic-forum-and-un-sign-strategic-partnership-framework/>

https://steigan.no/2022/10/italia-tilbake-til-normaliteten-bort-med-vaksinetvang-suspensjoner-og-unntaksregler/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://childrenshealthdefense.org/defender/cdc-fda-authorize-covid-vaccine-boosters-et/?utm_source=salsa&eType=EmailBlastContent&eId=fb030b06-800a-4562-8a06-0cb5c29603f5

<https://www.globalresearch.ca/covid-capitalism-friedrich-boris/5785964>

<https://expose-news.com/2022/10/29/europe-193k-excess-deaths-2022/>

https://www.reddit.com/r/ConspiracyNoRules/comments/22p1el/the_goals_of_the_nwo_according_to_dr_john_coleman/

<https://rumble.com/v1qa8xa-government-data-shows-bodies-of-dead-babies-and-children-pilling-up.html>

<https://www.forbes.com/sites/worldeconomicforum/2016/11/10/shopping-i-cant-really-remember-what-that-is-or-how-differently-well-live-in-2030/?sh=66b582551735>